

# SAGNORÐABÓK

Við byrjum að vinna markvisst með sagnorð í dagbókarvinnunni. Það er mjög mikilvægt í þessu ferli að fara nákvæmlega eftir forskriftinni:

Sagnorð eru einungis skrifuð í nafnhætti. Það er einstaklingsbundið hversu lengi við höldum því, fer eftir aldri og þroska. Barnið fær ósjálfrátt tilfinningu fyrir því hvað sagnorð eru án þess að hugtakið sé endilega kynnt fyrir því. Til að ná þessu fram er það skrifað í nafnhætti: endar því alltaf á –a (nema í þvo) og svo strikum við undir sagnorðið með gulum lit. Eins og með nafnorðin þá eiginlega raulum við þetta, svona smásyngjum það: vakna, borða, læra (áherslan er á –a!). Börnunum hefur alltaf þótt þetta ánægjulegt og viðráðanlegt.

Þegar kennarinn metur að barnið sé komið með góða tilfinningu fyrir því hvað sagnorð eru (án þess endilega að vita að það heiti sagnorð) þá kemur hann með nútíðina. (sjá lýsingu á dagbókarvinnunni). Það er best að finna öll sagnorðin sem barnið hefur notað í dagbókarvinnunni, kennarinn gefur barninu 1.pers.et.nt. Þetta skrifar nemandinn snyrtilega á blað, það má alveg skreyta það til að gefa því smá sess miðað við öll hin blöðin og setur það í plast. Þetta er haft á góðum aðgengilegum stað. Ég hef haft þetta aftast í dagbókarmöppunni.

Nú skrifar barnið dagbókina í nútíð. Á þessu stigi er barnið sennilega búíð að vinna með “Það er leikur að læra”. Þar eru sýndar persónubeygingar sagnorða. Það er allt í lagi þó dagbókarvinnan sé ekki komin lengra með sagnorðin.

Um það leyti sem barnið fer að vinna með “Kanínur og kátir krakkar” býr það til sagnorðabók. Því er lýst mjög nákvæmlega í verkefnabókinni:

Fyrst eru aðeins sagnorðin í “Kanínur og kátir krakkar” sett inn í bókina:

1. kafli: sagnorð sem enda á –aði í þátíð.
2. kafli: sagnorð sem enda á –di í þátíð.
3. kafli: sagnorð sem enda á –ti í þátíð.
4. kafli: sagnorð sem enda á –ði í þátíð.
5. kafli: sagnorð sem hafa enga endingu í þátíð (sterkar sagnir)

Nú eru öll sagnorð sem koma fyrir í dagbókarvinnunni sett inn í sagnorðabókina. En þá þarf barnið að finna þátíðina. Nú er alveg tímabært að vinna með orðabók. Barnaorðabókin hefur reynst mjög vel. Þar finnur nemandinn þátíð sagnorðanna og færir inn í sagnorðabókina. Mikilvægt er að sagnorðin séu skrifuð í öllum persónum eintölu og fleirtölu í nútíð og þátíð. Þá er hentugt að setja þetta upp í tölvunni, prenta út og klippa inn í bókina.

Sagnorð í “Það er leikur að læra” mega bætast við og svo áfram sagnorð sem koma fyrir í öðrum bókum.

Sagnorðabókin og nafnorðabókin eiga að vera fallegar persónulegar bækur.

Þó ber að geta þess að það er ekki afraksturinn, bókin sjálf, sem er mikilvægastur í þessu ferli, heldur miklu frekar vinnan sjálf og þá kannski það að finna þátíðina sjálf í orðabók og setja hana inn í öllum þessum myndum. Þetta síast því smám saman inn (t.d. bætist oftast –r við nafnháttinn í 3.pers.et.) en líka það að þurfa að leita í orðabók mjög mikilvægt. Það hjálpar til við að gera þau sjálfstæð í vinnubrögðum sem þau síðan búa að í framtíðinni.

**Þegar barnið hefur búið til nafnorðabók og sagnorðabók má líkja því við að búið sé að sortera tungumálið aðeins. Það má líkja því við að koma inn í geymslu fulla af drasli. Til að**

**geta gengið að hlutunum vísun þurfum við að flokka og raða (páskaskraut í einn kassa, jólaskraut í annan). Sá sem tekur til í geymslunni veit mest um geymsluna. Þess vegna verður barnið sjálft að finna orð og setja inn í þessar bækur til að vita hvar hægt er að finna orðin sem vantar: Hvaða bók tilheyrir orðið og hvernig veit ég hvernig það beygist?**

**Eins og með nafnorðabókina þá kemur að því að sagnorðabókin hefur þjónað sínum tilgangi: barnið hefur uppgötvað flokkana: flokkurinn segir hvað bætist við stofn sagnorðsins í öllum persónum eintölu, fleirtölu í nútíð og þátíð. Nafnorðabókin fer upp í hillu og við taka íslenskar orðabækur.**